

Stjórnarfundur FEB nr. 522, þriðjudaginn 3. mars 2026

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Sigrún Unnsteinsdóttir, Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir og Guðrún Bergmann.

Mættir varamenn: Kristján Guðmundsson, Hörður Hilmarsson og Jóhann Gunnar Ásgrímsson

Fjarverandi: Guðrún Ósk Jakobsdóttir

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Setning fundar

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna. Hann bauð sérstaklega velkomna þá Hörð og Jóhann sem voru kosnir nýir varamenn í stjórn á síðasta aðalfundi.

2. Kynning á aðal- og varamönnum í stjórn

Nýir varamenn kynntu sig eins og hefð er fyrir með nýja aðila í stjórn og varastjórn. Þar á eftir kynntu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sig fyrir nýjum varamönnum í stjórn.

3. Ýmis verkefni framundan

Framkvæmdastjóri kynnti ráðstefnu um Landsráðstefnu um aðgerðir gagnvart ofbeldi sem haldin verður á morgun, þann 4. mars n.k..

Formaður kynnti Landsþing LEB sem haldið verður þann 29. apríl n.k. Þingið verður haldið í Reykjavík. Stjórnarmenn hvattir til að sitja þingið.

Fundur verður haldinn í Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar þann 5. mars n.k., þar sem öldungaráð mun mæta. Formaður FEB mætir til fundarins.

4. Stjórn FEB skiptir með sér verkum

Formaður FEB Sigurður Ágúst Sigurðsson fór yfir verkaskiptingu stjórnar. Hann lagði til eftirfarandi skipan:

Varformaður: Guðrún Ósk Jakobsdóttir

Ritari: Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Gjaldkeri: Ástrún Björk Ágústsdóttir

Meðstjórnendur: Guðrún Bergmann, Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir og Sigrún E. Unnsteinsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

5. Tilkynning til skattsins undirrituð

Stjórnarmenn og varamenn undirrituðu tilkynningu til Skattsins um skipan stjórnar og varastjórnar.

1. Kynning á starfsemi FEB

Framkvæmdastjóri kynnti tilurð FEB, umsvif félagsins og starfsemi þess fyrir nýkjörnum fulltrúum í varastjórn.

2. Önnur mál

- a. Farið yfir erindi sem formann FEB barst um hugmynd af námskeiði fyrir félagsmenn um tækninýjungar í nýjum bílum.
Framkvæmdastjóra falið að vinna úr erindinu.
- b. Farið yfir erindi frá fyrrum nefndarmanni í byggingarnefnd Árskóga 1-3.
Stjórn FEB sér ekki ástæðu til að bregðast við erindinu.
- c. Einn fundarmanna spurðist fyrir um heimasíðu ferðaskrifstofunnar „Heillandi heimur“. Framkvæmdastjóri brást við fyrirspurninni.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:30

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Kristján Ólafsson
Jóhanna Þ. Jónsdóttir
Franz S. Jónsson
Stjórn FEB
Stjórn FEB
Stjórn FEB
Stjórn FEB
Stjórn FEB